

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytið við Ungmennafélag Íslands
um rekstur landsskrifstofu fyrir ungmennahluta
Erasmus+ áætlunar Evrópusambandsins

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Ungmennafélag Íslands, kt. 660269-5929, í samningi þessum nefnt UMFÍ, gera með sér svofelldan samning um að UMFÍ annist rekstur landsskrifstofu ungmennahluta Erasmus +.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að

- stuðla að árangursríkri sókn í ungmennahluta Erasmus+ áætlunar Evrópusambandsins.
- unnið verði að yfirlýstum markmiðum í Erasmus+.

1.2. Landsskrifstofa ungmennahluta Erasmus+ skal m.a. sinna eftirtöldum verkefnum:

- Kynningu á ungmennahluta Erasmus+ um allt land gagnvart þeim sem geta sótt um styrki úr áætluninni.
 - Fræða og leiðbeina um gerð umsókna, ferli þeirra, tímafresti og annað sem stuðlar að árangursríkum umsóknum.
 - Taka á móti umsóknum, veita umsagnir og skila tillögum til valnefndar um forgangsöröðun umsókna og sinna öðrum undirbúningi fyrir umfjöllun úthlutunarnefndar sem gerir tillögur um styrki.
 - Annast samskipti við umsækjendur, gerð samninga og aðra skjalagerð, greiða út styrki og sinna öðrum frágangi.
 - Hafa eftirlit með ráðstöfun styrkja og árangri verkefna sem hljóta styrki.
 - Annast úttektir á verkefnum áætlunarinnar og veita aðstoð við mat á áætluninni samkvæmt ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.
- Starfrækja upplýsingaveituna Evróvísir (Eurodesk).

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- Framlag ráðuneytisins til samnings þessa er 12 m.kr. árið 2014.
- Ráðuneytið annast samskipti vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímann verði í samræmi við gr. 2.1 með fyrirvara um að UMFÍ standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á UMFÍ ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað vegna almennra aðhaldsaðgerða eða fellt niður.
- Framlag ráðuneytisins samkvæmt samningi þessum tekur almennri verðlagshækkun fjárlaga.
- Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins við afgreiðslu fjárlaga taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- UMFÍ rekur landsskrifstofuna í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

- 2.6. UMFÍ leggur til mótframlag í formi aðstöðu og yfirstjórnar sem miðast við að ásamt framlagi ráðuneytisins séu uppfylltar kröfur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mótframlög vegna landsskrifstofunnar og annarra verkefna samkvæmt samningi þessum.
- 2.7. Útgjöld vegna reksturs landsskrifstofunnar greiðast að öðru leyti af rekstrarframlagi sem framkvæmdastjórn ESB leggur til og ráðuneytið skiptir milli landsskrifstofa með hliðsjón af áætlaðri skiptingu styrkja úr Erasmus+ á milli æskulýðsverkefna og menntaverkefna.

3. Ábyrgð

- 3.1. Landsskrifstofur Erasmus+ áætlunarinnar lúta yfirstjórn ráðuneytisins.
- 3.2. Ráðuneytið og UMFÍ tilnefna tengiliði vegna framkvæmdar samningsins.
- 3.3. UMFÍ ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að fullnægt sé kröfum um fagmennsku og gæði. UMFÍ skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.4. UMFÍ ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.5. UMFÍ ber að fara að samþykktum um rekstur Erasmus+ samkvæmt ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og ákvörðunum ráðuneytisins vegna þátttöku í Erasmus+.
- 3.6. UMFÍ er óheimilt að
 - 3.6.1. afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.6.2. framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka UMFÍ sbr. grein 4.4.
- 4.2. UMFÍ gerir árlega fjárhags- og starfsáætlun (rekstrar- og vinnuáætlun) fyrir landsskrifstofuna samkvæmt reglum framkvæmdastjórnar ESB og í samræmi við áherslur ráðuneytisins. UMFÍ og Rannsóknamiðstöð Íslands kynna áætlanir sínar vegna landsskrifstofa fyrir hvort öðru áður en þær eru yfirfarnar í ráðuneytinu og staðfestar, svo senda megi þær til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.
- 4.3. Eigi UMFÍ í viðskiptum við lögaðila sem félagið á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 4.4. Fjárreiðum landsskrifstofunnar skal haldið aðgreindum frá fjárreiðum UMFÍ, haldið um þær sérstakt fjárhagsbókhald og gerð ársuppgjör. Allar inn- og útborganir vegna styrkveitinga landsskrifstofunnar skulu fara um sérstakan bankareikning. Sama gildir um einstök verkefni í áætluninni.
- 4.5. Ársuppgjör vegna styrkveitinga skulu endurskoðuð af endurskoðanda sem ráðuneytið ákveður og send framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og ráðuneytinu í samræmi við leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis, UMFÍ og Rannsóknamiðstöðvar Íslands funda að lágmarki árlega um starfsáætlanir landsskrifstofa Erasmus+ áætlunarinnar og um framkvæmd samningsins.

- 5.3. UMFÍ og Rannsóknamiðstöð Íslands skulu starfa saman eftir föngum að kynningu, fræðslu og leiðbeiningagjöf til umsækjenda í Erasmus+ áætlunina.
- 5.4. UMFÍ tekur árlega saman og skilar skýrslu um rekstur landsskrifstofunnar og einstök verkefni hennar í samræmi við reglur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar að lútandi.
- 5.5. UMFÍ upplýsir ráðuneytið um fundi og ráðstefnur erlendis sem haldnar eru fyrir landsskrifstofur Erasmus+ áætlunarinnar og sendir því frásagnir.
- 5.6. UMFÍ veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.7. UMFÍ skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.8. Samning þennan, ársreikning landsskrifstofu ungmennahluta Erasmus+, ársskýrslu um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á sérstökum vef sem UMFÍ rekur vegna landsskrifstofunnar jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.9. UMFÍ setur ýmis gögn á vefinn sem eru afrakstur starfsemi sem fellur undir samning þennan, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. UMFÍ tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli UMFÍ ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Fylgi landsskrifstofan ekki samþykktum og reglum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða sé starfsemi hennar verulega áfátt að mati ráðuneytisins er því heimilt að loka landsskrifstofunni.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir héraðsdómi.
- 6.5. Komi upp ágreiningur við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vegna framkvæmdar Erasmus+ hefur ráðuneytið forgöngu í málinu.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningur þessi tekur við af samningi aðila um rekstur landsskrifstofu fyrir ungmennaáætlun ESB með gildistíma 1. janúar 2007 til 31. desember 2013 og gildir samningur þessi til 31. desember 2019. Eigi síðar en 30. september 2019 skal verkkaupi hafa lokið úttekt á framkvæmd samningsins á grundvelli upplýsinga skv. 5.6. gr. samnings þessa til að meta hvernig til hafi tekist á samningstímanum. Sú úttekt skal liggja fyrir áður en þjónustusamningurinn er endurnýjaður eða framlengdur. Á grundvelli þeirrar úttektar skal tekin ákvörðun um framhald rekstrarverkefnisins, sbr. 17. gr. reglugerðar um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nr. 343/2006.
- 7.2. UMFÍ tekur með þessum samningi að sér að ljúka verkefnum fyrri samnings og á sama hátt að ljúka verkefnum ungmennahluta Erasmus+ í lok gildistíma þessa samnings.
- 7.3. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með sex mánaða fyrirvara miðað við að honum ljúki um áramót.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili eintaki.
- 7.6. Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis, sbr. reglugerð nr. 343/2006.

Reykjavík 8. apríl 2014,

F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

F.h. Ungmennafélags Íslands

Samningur staðfestur
skv. 1. mgr. 30.gr. laga nr. 88/1997

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra